

Nd.

219. Frumvarp

til laga um eignarnám á landspildu á Bolungavíkurmölum í Hólshreppi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi landspildu í kringum öldubrjótinn í Bolungavík, sem sé nægilega stór til þess að koma skipulagi á um landtöku mótorskipa sunnan öldubrjótsins og undir fiskverkunarstöð norðan öldubrjótsins, ásamt þeim húsum og mannvirkjum, sem eru á þessu landi.

2. gr.

Réttindi Vatnsfjarðarkirkju til uppsáturstolla af landinu haldist óbreytt.

3. gr.

Að öðru leyti skal eignarnámið framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.